

Skólaráðsfundur 11.mars 2019

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, fulltrúar foreldra: Aldís Stefánsdóttir og Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Sigríður Halldórsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags: Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir. Fulltrúar nemenda: Elfa Sif Hlynsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir.

1. Skóladagatöl -Jóhanna bar grunnskóladagatalið 2019-2020 undir skólaráð. Umræða varð um að vetrarfríið væri of seint og það væri betra ef það væri tveimur vikum fyrr. Einnig var nefnt að það væri betra ef vetrarfrí væri hugsað út frá páskafríi. Athugasemd kom um að 2 starfsdagar væru settir á þriðjudegi – Betra væri ef starfsdagar væru að helgi. Umræða fór fram um þessi atriði. Bókun fer frá skólaráði um að betra hefði verið að hafa vetrarfríið 18.-19. febrúar. Jóhanna skólastjóri kemur henni áfram.

Leikskóladagatalið – engar athugasemdir við þetta dagatal.
2. Stofnun umhverfisnefndar skólans - flokkun. Stofnuð hefur verið umhverfisnefnd við skólann og þar eru m.a. fulltrúar úr öllum bekkjum og starfsstéttum. Þetta er hluti af verkefninu Skólar á grænni grein. Það verða tekin fjögur fyrstu skrefin á þessari önn og þrjú á næsta skólaári. Bæði starfsfólk og nemendur eru farin að flokka meira. Gámaþjónustan verður með námskeið fyrir starfsmenn sem sjá um flokkun úrgangs og losun í gáma.
3. Vatnspóstar í skóla – Búið er að laga vatnspósta á ganginum og er nú betra fyrir nemendur að ná sér í kalt vatn. Hvetja á þá til að koma með vatnsbrúsa.
4. Breytingar í stjórnun. Katrín Ósk deildarstjóri hættir 1.maí og hefur Tinna Rún Eiríksdóttir verið ráðin tímabundið í eitt ár. Jóhanna skólastjóri ætlar að hætta 1. ágúst. Starf hennar verður auglýst fljótlega.
5. Önnur starfsmannamál – Tónmenntakennarinn hætti 28.febrúar s.l. Kennslu hans var dreift á aðra kennara. Kennari úr 6.bekk fór í fæðingarorlof og kennari úr sérdeild kom þar inn. Kennari á unglíngastigi hætti 1.apríl og því miður hefur ekki fengist kennari í hans stöðu. Reynt hefur verið að leysa málið innanhúss.
6. Félagsstarf unglínga – Það er rave ball með Varmárskóla og gestum frá Danmörku. Ballið verður í Lágafellsskóla. Nemendur eru tilbúnir undir Skólahreystikeppnina sem verður 21. mars.
7. Nemendafækkun í Höfðabergi – Fækkar um einn bekk í 1. bekk þannig að verða þrjú 1.bekkir og þrjú 2.bekkir haustið 2019.

Fundi slitið 16:50

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir